

Reykjavík, 29. júlí 2016

Niðurstaða athugunar á fjárfestingum fjárfestingarsjóðs í rekstri Stefnis hf.

Fjármálaeftirlitið tók til athugunar fjárfestingar fjárfestingarsjóðs í rekstri Stefnis hf. og lagði mat á hvort þær hafi brotið gegn a. lið 1. tölul. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Málsatvik

Stefnir hf. er rekstarfélag verðbréfasjóða og rekur m.a. umræddan fjárfestingarsjóð skv. IV. kafla laga nr. 128/2011. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast samkvæmt reglum hans við 2., 3. og 4. mgr. 59. gr. laganna en að öðru leyti fer um fjárfestingar hans eftir II. kafla F. í lögum nr. 128/2011. Á árinu 2015 og fyrri hluta árs 2016 sendi Stefnir hf. í nokkur skipti tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins um að fjárfestingar fjárfestingarsjóðsins hefðu farið umfram fjárfestingarheimildir laga nr. 128/2011. Fjármálaeftirlitið hóf þann 26. janúar 2016 athugun á fjárfestingum sjóðsins.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt a. lið 1. tölul. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, er fjárfestingarsjóðum heimilt að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er fjárfestingarsjóðum heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í verðbréfum eins útgefanda.

Ákvæði 59. gr. laganna gerir ekki greinarmun á því hvort fjárfesting fari fram úr heimildum vegna ytri aðstæðna, svo sem verðbreytinga á markaði, eða vegna atvika sem rekja megi beint til sjóðsins, svo sem kaupa. Með hliðsjón af orðalagi 57. gr. tilskipunar 2009/65/EB (UCITS IV) verður að túlka 59. gr. laganna sem svo, að fari sjóður yfir fjárfestingarheimildir laga vegna ytri aðstæðna teljist það brot en leiði ekki endilega eitt og sér til álagningar stjórnvaldssekta. Játa verður sjóðum svigrúm til að bregðast við og fá tækifæri til að leiðrétta stöðuna en það felst þó í tilgangi 59. gr. laganna að fari sjóður yfir fjárfestingarheimildir beri honum að gera þegar ráðstafanir til úrbóta. Sé brot hins vegar framið vegna atvika sem rekja má beint til sjóðsins er mat á brotinu strangara og ekki sama svigrúm til leiðréttinga. Að sama skapi verður að túlka 59. gr. á þann hátt að sé brot, sem orsakast í upphafi af ytri aðstæðum, ekki lagfært án ástæðulauss dráttar þá sé litið svo á að brotið sé alvarlegt og það geti leitt til



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

álagningar stjórnvaldssekta. Ítrekuð tilvik þar sem sjóður fer yfir fjárfestingarheimildir laga vegna ytri aðstæðna eru einnig litin alvarlegum augum, þrátt fyrir að sjóður leiðrétti stöðuna án ástæðulauss dráttar, þar sem slík ítrekun getur gefið til kynna að áhættustýringu sjóðsins sé ábótavant.

Niðurstaða

Fjárfestingarsjóðurinn fór ítrekað yfir fjárfestingarheimildir 59. gr. laga nr. 128/2011 á árinu 2015. Þá stóðu brot sjóðsins í nokkrum tilvikum yfir í langan tíma, lengst í tæpa þrjá mánuði. Upphaflegar ástæður brotanna voru verðbreytingar á markaði en tíðni brotanna og tímalengd þeirra leiða til þess að brotin teljast alvarleg. Helgast þetta einnig af því að um mjög auðseljanlegar eignir var að ræða en Fjármálaeftirlitið lítur svo á að undir slíkum kringumstæðum beri rekstrarfélagi verðbréfasjóða að selja eða grípa til annarra ráðstafana til að ná lögmæltu hámarki án ástæðulauss dráttar, sbr. dreifibréf 11. janúar 2016.

Á hinn bóginn voru samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og Stefnis hf. með þeim hætti á árinu 2015 að þau gátu gefið Stefni hf. ástæðu til að ætla að Fjármálaeftirlitið liti ekki á frávik fjárfestingarsjóðsins frá fjárfestingarheimildum 59. gr. laga nr. 128/2011 sem alvarleg brot er leitt geti til álagningar stjórnvaldssekta. Með vísan til þessa sem og þeirra úrbóta sem Stefnir hf. hefur gripið til með breytingum á verklagi í tengslum við frávik frá fjárfestingartakmörkum sjóða í rekstri Stefnis hf. ákvað Fjármálaeftirlitið að ljúka máli þessu með ákvörðun um brot Stefnis hf. gegn a. lið 1. tölul. 4. mgr. 59. gr. laganna en án þess að nýta heimild til að leggja á stjórnvaldsekt vegna brotsins, sbr. 35. tölul. 1. mgr. 65. gr. laganna.